

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með breytingu samkv. reglugerð nr. 58 frá 1. sept. 1964.

Forseti Íslands féllst hinn 29. desember 1967 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958 með breytingu samkvæmt reglugerð nr. 58 frá 1. september 1964:

1. gr.

Í þeirri málsgrein 50. greinar, er ber fyrirsögnina **Síðara hluta próf**, orðist 9. töluliður svo: „**Hagræn landafræði**, skriflegt próf“, og 14. töluliður orðist svo: „**Opinber stjórnsýsla**, skriflegt próf.“

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. desember 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.